

REIKNINGUR

Verðbréfaþings Íslands fyrir árið 1998.

Rekstrarreikningur ársins 1998

	Skýr.	1998	1997
Rekstrartekjur:			
Stofngjöld		20.425.000	11.756.487
Veltugjöld		34.435.760	20.012.539
Árgjöld þingaðila		15.556.667	6.199.407
Árgjöld vegna skráðra bréfa		29.018.286	13.579.081
Aðrar tekjur		3.430.000	1.600.000
		<u>102.865.713</u>	<u>53.147.514</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	8	41.985.331	30.290.407
Annar rekstrarkostnaður		45.927.897	31.299.459
Afskriftir	3	3.111.189	1.699.286
		<u>91.024.417</u>	<u>63.289.152</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		11.841.296	(10.141.638)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Fjármunatekjur		1.392.428	2.325.104
Fjármagnsgjöld		(737.690)	0
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	2	(81.876)	(798.895)
		<u>572.862</u>	<u>1.526.209</u>
Hagnaður (tap)	5,7	<u>12.414.158</u>	<u>(8.615.429)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 1998

Eignir

	Skýr.	1998	1997
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteign		59.347.765	0
Innréttingar, áhöld og tæki		9.831.271	3.059.792
Bifreið		1.634.527	2.045.593
Fastafjármunir	3	<u>70.813.563</u>	<u>5.105.385</u>
Veltufjármunir:			
Viðskiptakröfur		26.713.948	10.338.263
Fyrirframgreiðslur		1.055.664	125.162
Skammtímaverðbréf		0	27.241.310
Handbært fé		847.082	1.467.361
Veltufjármunir		<u>28.616.694</u>	<u>39.172.096</u>
Eignir samtals		<u>99.430.257</u>	<u>44.277.481</u>

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	1998	1997
Eigið fé:			
Stofnframlag		1.674.960	1.674.960
Endurmatsreikningur		502.196	474.937
Óráðstafað eigið fé		49.070.005	36.156.730
Eigið fé 5-6		51.247.161	38.306.627
Skammtímaskuldir:			
Skuld við banka		13.213.158	0
Skuld við Verðbréfabíng Íslands hf.		22.262.079	0
Aðrar skammtímaskuldir		12.707.859	5.970.854
Skuldir samtals		48.183.096	5.970.854
Skuldir og eigið fé samtals		99.430.257	44.277.481

Sjóðstreymi ársins 1998

	Skýr.	1998	1997
Handbært fé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins	5	12.414.158	(8.615.429)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	3	3.111.189	1.699.286
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	2	81.876	798.895
Veltufé frá (til) rekstrar		15.607.223	(6.117.248)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(17.306.186)	10.151.405
Skammtímaskuldir, hækkun		6.737.005	3.223.723
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(10.569.181)	13.375.128
Handbært fé frá rekstri		5.038.042	7.257.880
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	3	(68.374.868)	(3.464.486)
Skammtímaverðbréf, breyting		27.241.310	(3.584.477)
Fjárfestingarhreyfingar		(41.133.558)	(7.048.963)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Skuld við banka		13.213.158	
Skuld við Verðbréfabíng Íslands hf.		22.262.079	
		35.475.237	0
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(620.279)	208.917
Handbært fé í ársbyrjun		1.467.361	1.258.444
Handbært fé í árslok		847.082	1.467.361

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Verðbréfaþing Íslands var sett á laggirnar árið 1985 samkvæmt heimild í lögum um Seðlabanka Íslands og hefur það starfað samkvæmt lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands, með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 22/1996. Í samræmi við lög nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða var unnið að því á árinu 1998 að Verðbréfaþingi Íslands væri breytt í hlutafélag sem tæki við rekstri, eignum og skuldum Verðbréfaþings Íslands.

Þann 17. desember 1998 var hlutafélagið Verðbréfaþing Íslands stofnað og er tilgangur félagsins rekstur kauphallar og önnur starfsemi í eðlilegum tengslum við hann. Hið nýja félag hefur tekið við öllum rekstri, eignum og skuldum Verðbréfaþings Íslands frá upphafi árs 1999. Í skýringu 9 í ársreikningnum er að finna yfirlit um eignir, skuldir og eigið fé sem mynda upphafsefnahagsreikning Verðbréfaþings Íslands hf.

Stjórn Verðbréfaþings Íslands hefur fjallað um aðgerðir þingsins til að mæta svonefndum aldamótavanda. Er það mat stjórnarinnar að framvinda málsins og staða þess sé í eðlilegu horfi og í samræmi við þær áætlanir sem gerðar hafa verið til lausnar á þeim vandamálum sem tengjast ártalinu 2000.

Á árinu nam hagnaður af rekstri Verðbréfaþings Íslands 12,4 millj. kr. og eigið fé nam 51,2 millj. kr. í árslok 1998 samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Á árinu 1998 störfuðu 11 starfsmenn að meðaltali hjá Verðbréfaþingi Íslands, en árið áður voru þeir 7. Launagreiðslur námu samtals 37,1 millj. kr. á árinu 1998 en 25,4 millj. kr. árið áður. Á árinu greiddi Verðbréfaþing Íslands stjórn og framkvæmdastjóra 8,4 millj. kr. í laun og þóknarir fyrir störf í þágu þess.

Stjórn Verðbréfaþings Íslands og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning Verðbréfaþingsins fyrir árið 1998 með undirritun sinni.

Reykjavík, 2. mars 1999.

Stjórn:

Eiríkur Guðnason, Ingólfur Helgason, Erna Bryndís Halldórsdóttir, Þorgeir Eyjólfsson, Jón Guðmann Pétursson, Davíð Björnsson, Þorkell Sigurlaugsson.

Framkvæmdastjóri:

Stefán Halldórsson.

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Verðbréfaþings Íslands.

Við höfum endurskoðað ársreikning Verðbréfaþings Íslands fyrir árið 1998. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 9. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum þingsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannarir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reiknings-

skilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Verðbréfabingsins á árinu 1998, efnahag þess 31. desember 1998 og breytingu á handbæru fé á árinu 1998, í samræmi við lög, samþykktir þingsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 2. mars 1999.

KPMG endurskoðun hf.

Jón Eiríksson.

9. apríl 1999

Nr. 254

AUGLÝSING

um leiðbeinandi reglur umhverfisráðherra um uppbyggingu gjaldskráa sveitarfélaga fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit.

I. KAFLI

Forsendur.

1. gr.

Greining ársverka.

- 1.1 Ársverk heilbrigðiseftirlitsins vegna eftirlitsskyldra fyrirtækja og stofnana, s.s. eftirlitsstörf, skrifstofustörf o.fl.
- 1.2 Ársverk heilbrigðiseftirlitsins alls ótengd eftirlitsskyldum fyrirtækjum og stofnunum, s.s. störf fyrir stofnanir sveitarfélaga og ríkisins, störf vegna gæludýra, meindýra, almennt umhverfiseftirlit, þjónusta og fræðsla til almennings o.fl.

2. gr.

Greining kostnaðarliða.

- 2.1 Kostnaðarliðir vegna eftirlitsskyldra fyrirtækja og stofnana sem reiknast með í tíma-gjaldi:
 - 2.1.1 Laun og launatengd gjöld, sbr. gr. 1.1.
 - 2.1.2 Húsnæði.
 - 2.1.3 Skrifstofa.
 - 2.1.4 Ferðakostnaður vegna gr. 1.1.
 - 2.1.5 Stjórnunarkostnaður, ef annar en skv. gr. 1.1.
 - 2.1.6 Aðkeypt vinna, s.s. bókhald, endurskoðun, sérfræðiþjónusta o.s.frv.
 - 2.1.7 Viðhald áhaldna og tækja.
 - 2.1.8 Lífeyrisskuldbindingar vegna gr. 1.1.
 - 2.1.9 Símenntun, þ.m.t. fundir, námskeið, bækur o.s.frv. - 50%.
 - 2.1.10 Kostnaður vegna heilbrigðisnefndar - 50%.
 - 2.1.11 Afskriftir.
 - 2.1.12 Annað, þá tilgreint.
- 2.2 Kostnaðarliðir vegna eftirlitsskyldra fyrirtækja og stofnana sem ekki reiknast með í tímagjaldi:
 - 2.2.1 Rannsóknarkostnaður skv. eftirlitsáætlun, u.þ.b. 50% af rannsóknarkostnaði alls.